

Jafnréttisáætlun Andabæjar 2019-2022

Jafnréttisáætlun Andabæjar er gerð í samræmi við Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 2008 og tekur einnig mið af jafnréttisstefnu Borgarbyggðar, Aðalnámskrá leikskóla, Barnasáttmálanum og Stjórnarskrá Íslands. Íslensk jafnréttislöggjöf og jafnréttisstefna Borgarbyggðar takmarkast við jafnrétti kynjanna. Í jafnréttisstefnu Borgarbyggðar kemur meðal annars fram að unnið skuli að því að jafna stöðu kynjanna á sem flestum sviðum til dæmis í launakjörum, endurmenntun og ráðningum starfsmanna. Foreldrar eru jafnframt hvattir til að nýta sér rétt sinn til fæðingar- og foreldraorlofs. Jafnréttisáætluninni er ætlað að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og drengja og stúlkna. Jafnréttisáætlun Andabæjar snýr að starfsmönnum, börnum og foreldrum og á að tryggja að jafnrétti nái til allra í leikskólasamfélaginu. Stefnt er að allir aðilar njóti jafns réttar án tillits til kyns, kynþáttar, trúarbragða, uppruna, fötlunar og/eða kynhneigðar. Lögð er áhersla á að komið sé fram við alla af virðingu á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og lagst gegn hvers konar einelti. Leggja skal áherslu á góðan starfsanda sem hvetur til góðra og skapandi verka.

Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans og er kynnt starfsmönnum og foreldrum. Starfsmenn skulu vera vel meðvitaðir um jafnréttisáætlun leikskólans og bera stjórnendur ábyrgð á að framfylgja því. Starfsmönnum ber að þekkja áherslur Borgarbyggðar í jafnréttismálum. Stjórnendur skulu leitast við að fá utanaðkomandi fræðslu um jafnréttismál og hvernig unnið skuli að bættum jöfnuði kynjanna til dæmis á starfsmannafundi eða skipulagsdegi.

Starfsmenn

Launajafnrétti

Karlar og konur skulu njóta jafnræðis í kjörum og réttindum. Greiða skal kynjunum jöfn laun fyrir jafngild störf.

Markmið: Vinna að jöfnum rétti kynjanna varðandi launakjör og að ekki sé um óútskýrðan launamun að ræða milli kynjanna í leikskólanum.

Framkvæmd: Gerð verði úttekt þar sem grunnlaun, yfirvinnugreiðslur og önnur hlunnindi, verða skoðuð eftir kyni og starfsheiti. Komi í ljós óútskýrður launamunur verður leitað leiða til að leiðrétta hann.

Ábyrgð: Skólastjórnendur í samvinnu við starfsmenn, trúnaðarmenn starfsmanna og fulltrúa starfsmannabjónustu.

Endurskoðun og mat: Við ráðningu skal tryggja að starfsmaður sé ráðinn samkvæmt kjarasamningi þess stéttarfélags sem hann tilheyrir.

Störf og símenntun

Gæta skal jafnræðis kynjanna í starfsauglýsingum fyrir leikskólann. Þegar störf eru auglýst skal gæta hlutleysis um kyn en ef um er að ræða starf á starfsvettvangi þar sem hallar á annað kynið skal vakin sérstök athygli á því markmiði 18. gr. jafnréttislaga að jafna kynjaskiptingu innan viðkomandi starfsgreinar.

Markmið: Í starfsauglýsingum skal gæta jafnræðis hópa og jafnrar virðingar kynjanna. Bæði kyn skulu hvött til að sækja um laus störf. Komi tveir jafnhæfir umsækjendur til greina skal stefnt að því að ráða einstakling af því kyni sem hallar á innan leikskólans. Öllum starfsmönnum skólans skal standa til boða að sækja sér endurmenntun og bæði kyn skulu hafa jafnan aðgang að fjölbreyttri endurmenntun og námsleiðum.

Framkvæmd: Skólastjórnendur sameinist um að gæta fyllsta jafnréttis við ráðningu innan skólans í laus störf, með vísan til þeirra skilgreininga sem fram koma í markmiðum. Horft verði til þess að uppfylla markmið stjórnslulaga m.t.t. rökstuðnings vegna ráðninga. Við gerð símenntunaráætlunar skuli stjórnendur gæta þess að kynjum sé ekki mismunað og hafa samráð við starfsmenn um innihald símenntunaráætlunar.

Ábyrgð: Skólastjórnendur

Endurskoðun og mat: Við innra mat leikskólans á hverju vori skal hugað að því hvort jafnréttis hafi verið gætt við ráðningar starfsmanna og símenntunar starfsmanna.

Atvinna – fjölskyldulíf

Leitast er við að hagræða vinnutíma og lækkuðu starfshlutfalli starfsmanna eins og kostur er auk þess sem jafnræðis kynja skal gætt í þeim efnum. Starfsmenn eru jafnframt hvattir til að nýta sér rétt sinn til fæðingar- og foreldraorlofs.

Markmið: Skólastjórnendur leggja sig fram við að koma til móts við þarfir starfsmanna sinna og taka tillit til aðstæðna þeirra, óháð kyni. Athuga skal að starfsmenn eru skuldbundnir vinnustaðnum og nauðsynlegt að samráð starfsmanns og yfirmanns sé sem best ef til þessa kemur.

Framkvæmd: Skólastjórnendur gera ráðstafanir í samráði við starfsmann vegna breytts vinnutíma eða stöðuhlutfalls.

Ábyrgð: Skólastjórnendur í samráði við starfsmenn.

Endurskoðun og mat: Hvert einstakt tilvik er skoðað og því er þessi liður í sífelldri endurskoðun í samtölum við viðkomandi starfsmann. Mikilvægt er að nota starfsmannaviðtöl til að inna starfsmenn eftir upplifun sinni varðandi samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs og tekið skal tillit til niðurstaðna við umbótaráætlun.

Nemendur

Þegar kemur að vali á námsgögnum, námskrárgerð og stefnumótun leikskólans skal jafnréttis kynjanna gætt. Börnin skulu fá fræðslu um jafnréttismál og þau búin eins vel undir þátttöku í lýðræðissamfélagi þar sem bæði kyn eiga jafna möguleika eins og kostur er.

Markmið: Bæði kyn skulu eiga sömu möguleika og njóta sömu tækifæra í leikskólastarfinu.

Framkvæmd: Skólanámskrá og áætlanagerð skal taka mið af Aðalnámskrá leikskóla og þeim markmiðum og leiðarljósum sem sett eru þar um kynjasambættingu. Bæði kyn skulu njóta sömu möguleika og hvatningar til að takast á við þau verkefni sem leikskólaumhverfið býður auk þess sem kennslugögn og efniviður skulu höfða jafnt til beggja kynja og vera öllum börnum jafn aðgengilegur. Hvetja skal nemendur til umræðu og ígrundunar um hinar ýmsu staðalímyndir kynjanna og birtingu þeirra í samfélagi okkar.

Ábyrgð: Skólastjórnendur og deildastjórar.

Endurskoðun og mat: Þessi liður er hluti af almennu endurmati sem fer fram að vori ár hvert. Hægt er að nýta gátlista sem unnir voru í tengslum við verkefnið Jafnrétti í skólum og eru þeir aðgengilegir á heimasíðu verkefnisins (<http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4809/>)

Foreldrar

Allir foreldrar eru hvattir til þátttöku í samstarfi heimilis og leikskólans, feður jafnt sem mæður.

Markmið: Foreldrar finni að þeir hafi möguleika á að vera jafn virkir óháð kyni og finni að til þeirra sé leitað með málefni sem snúa að börnunum.

Framkvæmd: Bæði feður og mæður skulu ávallt finna sig jafn velkomin í leikskólann og þau hvött til samstarfs við leikskólann, t.d. þegar kemur að aðlögun. Upplýsingar um símanúmer og netföng beggja foreldra skulu vera aðgengileg og jafnt leitað til hvors aðila sem er. Báðir foreldrar eru hvattir til að mæta í foreldrasamtöl, heimsóknir í skólann og foreldrafundi. Senda skal allan póst, t.d. vikufréttir, atburðadagatöl, á báða foreldra, burtséð frá hjúskaparstöðu foreldra.

Ábyrgð: Skólastjórnendur, deildastjórar og kennarar.

Endurskoðun og mat: Þessi liður er hluti af almennu endurmati sem fer fram að vori ár hvert. Samskipti við foreldra skulu skoðuð og endurmetin auk þess sem allar ábendingar foreldra eru ígrundaðar og tillit tekið til þeirra eins og kostur er.

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Í Jafnréttisstefnu Borgarbyggðar er tekið fram að komið sé fram við alla starfsmenn af virðingu og hvers konar áreitni og ofbeldi sé hafnað og ekki liðið. Upplifi starfsmaður slíka framkomu á hann rétt á að til aðgerða sé gripið og mál hans sett í viðeigandi farveg. Skilgreiningar á kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni má finna í 2. gr. nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þar segir:

- a) **Kynbundin áreitni:** Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.
- b) **Kynferðisleg áreitni:** Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.
- c) **Kynbundið ofbeldi:** Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Markmið: Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni líðst ekki í leikskólanum og á það við um alla, jafnt börn sem fullorðna.

Framkvæmd: Samkvæmt 22. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 2008 skulu yfirmenn gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundna eða kynferðislega áreitni. Fræðsla um skilgreiningar á þessum hugtökum skal vera hluti af almennri fræðslu til starfsmanna á starfsmannafundum og opin umræða um málefnið.

Umræðan skal vera með þeim hætti að öllum finnist sér skylt að bregðast við og að allir starfsmenn þekki einkennin. Tilkynna skal tafarlaust til leikskólastjóra, viðkomandi deildarstjóra eða öryggistrúnaðarmanns ef starfsmaður verður var við eða verður fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni. Oft er nauðsynlegt að leita utanaðkomandi aðstoðar við úrvinnslu þessara mála.

Ábyrgð: Skólastjórnendur.

Endurskoðun og mat: Hvert tilvik er metið í fyrir sig.

Einelti

Einelti líðst ekki í leikskólanum. Einelti er síendurtekið andlegt eða líkamlegt áreiti eða ofbeldi og beinist að ákveðnum einstaklingi, barni eða fullorðnum. Einstaklingur getur orðið fyrir einelti frá einum eða fleiri einstaklingum og það getur verið bæði af ásettu ráði en einnig getur verið um að ræða atferli sem sá sem eineltinu beitir áttar sig ekki á.

Markmið: Enginn verði fyrir einelti, hvorki börn né fullorðnir. Starfsmenn skulu þekkja einkenni eineltis.

Framkvæmd: Verði starfsmaður fyrir einelti eða var við að einelti eigi sér stað skal sá hinn sami tilkynna það stjórnendum eða trúnaðarmanni. Þeir aðilar aðstoða við úrlausn málsins og beinist hún að þolanda og geranda/gerendum, það getur þurft að leita til utanaðkomandi sérfróðra aðila. Starfsmenn skulu ávallt vera vakandi fyrir hvort einelti kemur upp í barnahópnum, ræða vangaveltur/áhyggjur sínar þar að lútandi og hefja þegar í stað aðgerðir til að uppræta það. Í Andabæ er unnið með námsefni Barnaheilla, Vinátta, en það byggir á að efla félagslega færni barna og samskipti þeirra með það fyrir augum að minnka líkur á einelti, lögð er áhersla á jákvæð samskipti í barnahópnum og sterk vináttutengsl. Jákvæð og opin samskipti heimilis og skóla eru einn liður í forvörnum gegn einelti. Einnig vinnur Andabær með leiðtogaverkefnið, Leiðtoginn í mér, og felst verkefnið í því að byggja sterka sjálfsmynd barna. Barn sem býr yfir sterkri sjálfsmynd lendir síður í einelti og einnig skulu börn hafa tækifæri til að segja frá tilfinningum sínum og æfa sig í að lesa í tilfinningar annarra. Með því móti eru þau líklegri til að segja frá einelti, bæði sem beinist að þeim sjálfum og þau verða vitni að.

Ábyrgð: Allir starfsmenn.

Endurskoðun og mat: Hvert tilvik er metið fyrir sig.

Unnið í maí/júní 2019

Jafnréttisáætlun þessi skal vera endurskoðuð í heild sinni árið 2022.